

Husqvarna ONYX 25 Íslenskar leiðbeiningar

(Lausleg þýðing á texta úr enska leiðarvísi vélarinnar)

Bls. 1 Yfirlit yfir vélina

1. **Stillir fyrir flytjara :** Færður til hiðar til að hafa flytjarann í sambandi eða ekki.
2. **Hólf fyrir fylgihluti:** Hentugt hólf fyrir flesta fylgihlutina. Gerir einnig flatt borð sem þægilegra er að sauma á þegar verið er að sauma stór flöt stykki. Hægt að taka það af vélinni þegar nota á fríarm vélarinnar þegar verið er að sauma hólklaga huti.
3. **Tvinnahnílfur:** Til að klippa tvinnana í lok saums.
4. **Þræðiraufar:** Þræðiraufar og þar er yfirtvinnaspennan og þráðgjafinn.
5. **Takki fyrir afturábak saum:** T.d. til að ganga frá tvinnaendum í byrjun og lok saums.
6. **Þrýstingur á saumfót:** Hér er hægt að breyta þrýstingnum á saumfótinn.
7. **Stilliskífa fyrir yfirtvinnann:** Til að stilla sporið eftir því hvaða tvinna og efni er verið að nota.
8. **Stillir fyrir sporbreidd (Onyx 25):** Stillir fyrir sporbreidd – til að mjókka eða breikka saumanai.
9. **Handhjól:** Til að snúa vélinni með hendinni t.d. til að setja þráðgjafann í efstu stöðu og lyfta nálinni upp úr efninu.
10. **Stillir fyrir sporlegd:** Til að stilla sporin styttri eða lengri. Einnig notaður til að velja teygjanlega nytjasauma.
11. **Stillir fyrir val á saum:** Til að velja þann saum sem nota á og einnig fyrir saum á hnappagötum.
12. **Kort fyrir sauma:** Togið kortið út og þar eru ráðleggingar fyrir hina ýmsu sauma.

Bls. 2 Lýsing á nálarvæðinu

1. **Styingplata:** Myndar flatan flöt fyrir neðan saumfótinn . Er með línum til hliðanna sem gott er að nota til að miða ákveðna saumbreidd frá jaðri.
2. **Flytjarinn:** Sem flytur efnið undir saumfætinum.
3. **Saumfótur:** Heldur við efnið á meðan flytjarinn færir það.
4. **Skrúfa fyrir fóthöldu:** Losa þarf þessa skrúfu þegar fjarlægja á fóthölduna.
5. **Fóthalda:** Heldur saumfætinum.
6. **Innbyggður þræðari fyrir nálina:** Auðveldar þræðingu á nálinni
7. **Handfang fyrir hnappagöt:** Aðeins notað þegar verið er að sauma hnappagöt.
8. **Tvinnastýring:** Heldur tvinnanum á sínum stað.
9. **Fótstöng:** Heldur fóthöldu og saumfæti.

10. **Skrúfa til að festa nál í nálarhöldunni:** Heldur nálinni fastri á sínum stað.
11. **Tvinnastýring fyrir nálartvinna:** Heldur tvinnanum á sínum stað.
12. **Takki til að losa um lok yfir spólu:** Ýtið á hann til að opna lokið.
13. **Lok yfir spólu og grípara:** Hlíf fyrir spóluna á meðan saumað er.

Lýsing á vélinni að ofan:

1. Tvinnastýring
2. Handfang
3. Kelfispinni
4. Gat fyrir auka keflispinna
5. Öxull á spólara
6. Stöðvari fyrir spólun
7. Spenniskífur fyrir spólun
8. Spenniskífur fyrir tvinnaspennu á yfirtvinna
9. Þráðgjafi.

Bls. 3 Fylgihlutir

1. Skrufjárn
2. Filtskífur (2x)
3. Sprettihnífur og bursti
4. Spólur (4x)
5. Stór skífa fyrir tvinnakefli
6. Lítil skífa fyrir tvinnakefli
7. Stýring fyrir jaðarsaum og bútasaum
8. Auka keflispinni

Fylgihlutir sem ekki eru á mynd

- Nálar
- Fótmótstaða
- Rafmagnssnúra.

Saumfætur

Alhliða saumfótur A: Er á vélinni þegar hún er afgreidd til kaupanda. Þetta er alhliða saumfótur fyrir alla beina og zik zak sauma sem eru með sporlengd lengri en 1 mm.

Saumfótur B: Til að sauma zik zak spor sem liggja þétt upp að hverju öðru (flatsauma og skrautsauma sem eru með minni sporlengd en 1 mm.). Notið þennan fót einnig við nytjasauma.

Úrtakið undir fætinum gerir auðveldara að sauma yfir sporin sem myndast þegar saumað er.

Hnappagatafótur C: (fyrir vél ONYX 25) Þessi fótur er með pláss að aftan þar sem hægt er að stilla lengd hnappagatsins með því að setja töluna sem nota á á svæðið, Vélin saumar þá hnappagat í réttri lengd fyrir þá tölu.

Hnappagatafótur C: (fyrir vél ONYX 15) Fyrir handstýrð hnappagöt. Þessi fótur er með viðminurlínur til að ákvarða lengd hnappagatsins. Miðlínan er 12 mm. frá staðsetningu nálarinnar. Úrtökin tvö undir fætinum hjálpa til við að hafa leggi hnappagatsins hlið við hlið og að vélin saumi auðveldlega yfir þá. Pinninn aftan á fætinum er fyrir undirleggsþráð ef sauma á hnappagatið yfir slíkan þráð.

Blindsaumasfótur D: Innri brúnin á fætinum stýrir efninu. Hægri táin er hönnuð til að renna meðfram jaðri faldsins.

Rennilásafótur E: Hægt er að smella þessum fæti á fóthöllduna þannig að nálin stingi niður vinstra eða hægra megin í fætinum. Þetta auðveldar sauma á rennilásum þar em hægt er að sauma þá í sömu átt bæði vinstra og hægra megin lássins. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri til að sauma eins nálægt lásnum og hægt er.

Fótur með rennslisplötu H: Þessi fótur er með sérstaka rennslisplötu að neðan sem gerir auðveldara að sauma svamp, plast, vinyl og leðurefni sem járnfætur vilja gjarnan loða við.

Jaðarfótur J: Notaður við jaðar og kastsauma sem eru með saumbreidd 5,0 og 5,5 mm. Saumar yfir pinnann og kemur þar með í veg fyrir að saumurinn dragi jaðarinn inn.

Bútasaumsfótur ¼" (aðins á vél ONYX 25) Þessi fótur er notaður til að sauma búтана saman í bútasaum. Fóturinn er með merkilínur fyrir saumbreidd 6 og 3 mm.

Hólf fyrir fylgihluti

Opnið hólfín fyrir fylgihlutina. Þar er að finna sérstök hólf fyrir hina ýmsu fylgihluti, saumfætur, spólur, nálar og aðra smærri fylgihluti.

Geymið fylgihlutina ávallt í hólfunum þannig að þeir séu ávallt á réttum stað.

Bls. 6 Yfirlit yfir nytjasauma (ONYX 25)

Notið yfirléitt tvinnaspennu á milli 3 og 5 en saumið ávallt prufusaum á afgangsbúta og stillið tvinnaspennuna eftir því sem þar kemur fram.

A Beint spor - sporlega í miðju (Straight Stitch – Center Position): Þetta er mest notaða beina sporið til að sauma tvö efni saman.

A Beint teygjalegt spor (Straight Stretch Stitch): Sterkara en venjulegt beint spor þar sem vélin saumar sporið þrisvar sinnum – áfram - aftur á bak og svo aftur áfram. Notið þetta spor á alla sauma sem mikið reynir á eins og t.d. skrefsauma á buxum o..fl.

A Zik Zak spor: Alhliða spor fyrir skrautsauma, applíkeringar, hnappagöt, blúnduáfestingu o.fl.

B Þriggja þrepa zik zak (Multi Step Zigzag Stitch): Gott t.d. til að sauma jaðra þannig að ekki rakni upp úr þeim, Einnig hentugt til að gera við rifur á fatnaði og sauma teygjur á fatnað.

B Overlock spor: Saumar efnin saman og kastar jaðarinn um leið. Hentar fyrir meðal og meðalþykk teygjanleg efni.

D Blindföldunarspor: Saumið falda sem svo til sjást ekki á réttunni. Hentugt fyrir falda á pilsum, buxum, gardínum og fleiri óteygjanlegum efnum.

D Teygjanlegt blindföldunarspor : Sama og að ofan nema fyrir teygjanleg efni.

B Hallandi overlockspor: (Slant Ovedredge Stitch): Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. Fyrir meðal og gróf teygjanleg efni.

B Lokað overlockspor: (Closed Overlock Stitch): Fyrir skrautlega falda og efni, belti og bönd. Hentar fyrir meðal og meðalgróf teygjanleg efni.

B Vöflusaumur: (Honeycomp Stitch): Til skrauts á ýmis efni

C Hnappagöt: Falleg skyrtuhnappagöt á alls konar fatnað.

Skrautsaumar

Vélin er einnig með nokkra skrautsauma. Þegar þið saumið skrautsauma munið að hafa ávallt undirleggsefni undir efninu til að saumarnir njóti sín betur. Notið tvinnaspennu á milli 3 og 5. Saumið ávallt prufusaum áður en þið saumið á flíkina sjálfa og stillið tvinnaspennuna í samræmi við árangurinn.

Bls. 7 Spjaldið með saumaráðleggingunum

Notið saumaráðleggingarnar til að velja hentugasta sauminn, sporbreidd (Onyx 25), sporlengd, tvinnaspennu, saumfót og þrýsting á hann fyrir það efni og þá saumataækni sem þið ætlið að nota

Ráðlagðar stillingar - yfirlit

1. Efni
2. Saumfótur
3. Þrýstingur á saumfót
4. Saumataækni
5. Tegund saums
6. Saumfótur
7. Tvinnaspenna
8. Sporlengd
9. Sporbreidd (Onyx 25)

Ráðlögð efni

OFIN EFNI (WOWEN FABRICS): Fyrir stöðug efni sem teygjast ekki.

TEYGJANLEG EFNI (STRETCH FABRICS) Fyrir teygjanleg efni.

LEÐUR OG VINYL: Fyrir gerfileður, leður og vinyl efni.

Bls. 9 UNDIRBÚNINGUR

Vélin tekin úr umbúðum

Eftir að hafa tekið vélina úr umbúðunum og fjarlægt allt pökkunarefni og plastpokann, strjúkið þið lauslega yfir vélina með mjúkum þurrum klút og sérstaklega í kring um nálar svæðið til að fjarlægja alla mögulega olíu eða feiti sem gæti verið þar

Ath: Vélin er stillt þannig að hún vinni sem best við venjulegan herbergishita. Mikill hiti eða kuldi geta haft áhrif á árangur.

Vélin tengd við rafmagn

Á meðal fylgihlutanna eru fót mótstaðan og rafmagnssnúran fyrir vélina.

Neðst á hægri hlið vélarinnar finnið þið bæði tengilinn til að tengja fót mótstöðuna við vélina og einnig rofann til að kveikja og slökkva á vélinni.

1. Tengjið rafmagnsleiðsluna við tengilinn á vélinni (A) og stingið hinum enda snúrunnar í samband við vegg tengil.
2. Ýtið á rofann (B) í átt að "I" til að tengja vélina við rafmagn.

Saumhraðinn er svo ákvarðaður með því hversu fast þið stígið á fót mótstöðuna.

Gengið frá að loknum saum

1. Slökkvið á rofa vélarinnar.
2. Takið rafsnúruna úr sambandi við vegg tengilinn og við vélina.
3. Vefjið rafsnúrunni í kring um fótmótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfin fyrir þá og rennið hólfinu utan um fríarminn.
5. Setjið hlífina yfir vélina til að verja hana fyrir ryki.

Bls. 7 FRÍARMURINN – HÓLFID FYRIR FYLGICHLUTINA

Geymið saumfætur, spólur, nálar og aðra smærri fylgihluti í hólfinu sem er utan um fríarminn.

Einnig er gott að hafa hólfið á vélinni til að stækka vinnuflöt vélarinnar.

Notið fríarminn þegar þið eruð að vinna með hólklaga flíkur eins og buxnaskálmur og ermar. Þá rennið þið hólfinu einfaldlega af vélinni til vinstri.

Þegar hólfið hefur verið fjarlægt af vélinni og þið þurfið að komast í það setjið þið finger í rauðina á vinstri hlið hólfsins (A) og opnið það varlega. Lokið hólfinu áður en þið rennið því utan um fríarminn á nýjan leik.

FÓTLYFTIR

Fótlýftirinn er staðsettur aftan á vélinni. Notið hann til að lyfta og setja saumfótinn niður á efnið. Lyftið saumfætinum þegar þið þræðið vélina, en hafið hann niðri þegar þið saumið.

Þegar þið lyftið saumfætinum, getið þið líka ýtt lauslega á hann upp á við og þá lyftir vélin fætinum í extra hæð þannig að auðveldara verður að setja þykkari efni undir saumfótinn.

TVINNAHNÍFUR

Til að klippa tvinnana í lok saums bregðið þið þeim aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn sem er á armlokinu og togið snöggt niður á við. Með því að nota hnífinn skilur vélin tvinnaendana eftir í hentugri lengd fyrir byrjun á næsta saum.

Bls. 10 KEFLISPINNINN

Vélin er með tvo keflispinna – fastan keflispinna sem er á vélinni og svo aukalegan keflispinna sem hægt er að stinga í gat ofan á vélinni. Aðal keflispinninn er hægt að nota hvort sem er í láréttri eða lóðréttri stöðu. Í láréttri stöðu rennur tvinninn auðveldlega af keflinu, en í lóðréttri stöðu snýst tvinnakeflið um leið og tvinninn rekst af því. - Notið láréttu stöðuna fyrir öll venjuleg tvinnakefli en lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli.

Aðal keflispinninn

Setjið tvinnakefli á keflispinnann og fullvissið ykkur um að tvinninn renni rangsælis af keflinu. Setjið síðan skífu fyrir framan keflið og notið skífu sem er aðeins stærri en þvermál keflisins. Fyrir mjó tvinnakefli (A) notið þið litla skífu en fyrir stærri kefli (B) notið þið stóra skífu. Flati hluti skífunnar á að liggja þétt upp að keflinu og aldrei á að vera rými á milli skífunnar og keflisins.

Ath: Öll tvinnakefli eru framleidd á sama hátt. Ef þið lendið í einhverjum vandræðum með tvinnann, snúið keflinu þá við og reynið á nýjan leik.

Aukalegi keflispinninn

Aukalegi keflispinninn er notaður t.d. þegar spóla þarf á spólu af öðru tvinnakefli og vélin er í miðjum saum og e.t.v. þrædd með yfirtvinnann. Stingið auka keflispinnanum í gatið sem er ofan á vélinni (A á neðri myndunum). Setjið filtskífu undir tvinnakeflið sem kemur í veg fyrir að tvinnakeflið geti snúist of hratt. Þegar auka keflispinninn er notaður þarf ekki að nota skífur fyrir framan eða ofan á keflið.

Bls. 11 SPÓLAÐ Á SPÓLUNA

1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og rennið skífu þétt upp að keflinu.
2. Þræðið tvinnann í tvinnastýringuna A og þræðið framan frá og aftur. Síðan þræðið þið réttisælis í spenniskífu B og gætið að því að tvinninn fari á milli skífanna í spennunni.
3. Þræðið síðan **innan frá** í gatið á spólunni C.
4. Setjið spóluna síðan á spólarann og gætið að því að hún fari alla leið niður á spólarann.
5. Ýtið spólaranum til hægri, haldið í tvinnaendann og stígið á fótmoststöðuna til að setja vélina í gang. Eftir nokkra hringi spóluinnar stöðvið þið vélina og klippið tvinnaendann þétt upp við spóluna. Þið getið einnig bara slitið hann ef þetta er t.d. finnst útsaumstvinni. Stígið síðan afur á fótmoststöðuna til að halda áfram með spólunina. Þegar spólan er að fyllast hægir vélin á sér og stöðvast þegar spólan er full.
5. Ýtið spólaranum aftur til vinstri, fjarlægið spóluna og klippið tvinnann.

Ath: Þegar spólaranum er ýtt til hægri er drifverk vélarinnar tekið úr sambandi. Fullvissið ykkur um að spólan lokinni að ýta spólaranum til vinstri til að setja gangverk vélarinnar aftur í samband.

SPÓLAN SETT Í VÉLINA

Gætið þess að nálin sé örugglega í efstu stöðu og ekki sé kveikt á vélinni áður en þið takið spólu úr vélinni eða setjið spólu í hana.

1. Opnið lokið yfir spólunni með því að ýta á takkann A og fjarlægið lokið B.

2. Setjið spóluna þannig í vélina að tvinninn snúist rangsælis af spólunni
3. Þræðið tvinnann eins og örvarnar sýna frá þræðingu C til D
4. Togið tvinnann síðan frá stýringu D í stýringu E. Klippið umfram tvinna með því að bregða honum í hnífinn við stýringu E
5. Setjið lokið aftur yfir spóluna

Bls. 12 ÞRÆÐING Á YFIRTVINNA

ÁRÍÐANDI: Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu með því að snúa handhjólínu fram á við. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að vélin verði rétt þrædd.

1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og skifu fyrir framan það.
2. Togið tvinnann í tvinnastýringu A framan frá og aftur og síðan í stýringu B aftan frá og fram á við. Leggið tvinnann síðan á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni C.
3. Haldið síðan áfram með tvinnann niður hægri þræðiraufina undir hakið neðst og síðan upp vinstri þræðiraufina.
4. Leggið tvinnann svo hægra megin frá í raufina á þráðgjafanum D og síðan aftur niður vinstri þræðiraufina niður í tvinnastýringu E. Þaðan síðan í þræðinguna við nálarhölduna F
5. Þræðið nálin síðan framan frá.

Bls. 13 ÞRÆÐARI FYRIR NÁLINA

Innbyggði þræðarinn fyrir nálin auðveldar ykkur þræðingu hennar.

Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þræðarinn er notaður. Snúið handhjólínu fram á við þar til nálin er komin í sína efstu stöðu. Við ráðleggjum ykkur einnig að setja saumfóttinn niður.

1. Notið handfangið A og togið þræðarann alveg í neðstu stöðu. Járnfingurnir fara utan um nálin, en litli krókurinn B fer í gegn um nálaraugað.
2. Leggið tvinnann nú aftan frá undir þræðiingu C og síðan undir litla krókinn D á þræðaranum.
3. Látið þræðarann fara hægt og rólega til baka. Þræðarinn togar tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinu megin við nálaraugað. Togið þessa lykkju alveg í gegn um nálaraugað.
4. Lyftið saumfætinum og leggið tvinnann undir hann.
5. Togið ca. 15-20 cm af tvinna í gegn um nálaraugað. Það kemur í veg fyrir að vélin togi tvinnann úr þræðingunum þegar vélin byrjar að sauma.

Athugið: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleikum 75 – 100. Ekki er hægt að nota hann fyrir nálar í grófleika 70 og ekki heldur fyrir tvíburanálar.

NÁLAR

Nál vélarinnar leikur stórt hlutverk í því að vélin saumi réttan og fallegan saum. Notið því ávallt og eingöngu gæðanál frá viðurkenndum framleiðendum og eingöngu nál af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja vélinni eru af tegundum og grófleikum sem eru mest notaðir.

Ath. Gætið þess ávallt að nota réttan grófleika af nál fyrir þann tvinn sem þið eruð að nota. Grófur tvinni þarf grófari nál með stærra auga og finni tvinni þarf finni nál með finna auga. Ef nálaraugað er of fínt fyrir tvinnann sem þið eruð að nota er ekki hægt að nota þræðarann.

Alhliða nál (Universal needles) eru með mjög lítið afrúnnaðan odd og eru fánlegar í ýmsum grófleikum. Þetta eru nálar sem notaðar eru við flesta sauma.

Stretch nál eru eins og nafnið bendir til notaðar á teygjanleg efni. Þessar nál eru með kúluodd og henta sérstaklega vel fyrir prjón, sundfatnað, gervileður og ýmis gerviefni

Denim nál eru eins og nafnið bendir til sérhannaðar fyrir gallabuxnaefni og önnur þéttofin efni. Nálar eru með mjög skarpan odd sem fer örugglega í gegn um efnin. Henta vel fyrir gallabuxnaefni, segldúk og ýmis microefni.

Bls. 14 Áriðandi upplýsingar um nál

Skiptið oft um nál. Almenna reglan er sú að skipta um nál eftir hverja 6-8 klukkutíma notkun við sauma.

Notið eingöngu beinar nál með skörpum oddi. Gott er að setja odd nálarinnar lauslega við nögl á fingri og þá finnið þið hvort oddurinn er í lagi eða ekki.

Skemmd eða bogin nál getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, tvinninn slitni og slík nál getur skaðað stingplötu vélarinnar.

Notið aldrei ósamhverfar tvíburanál þar sem leggurinn fyrir nálarhölduna kemur ekki beint upp frá miðju beggja nálanna. Þær geta skemmt vélina.

TAFLA FYRIR NÁLAR, EFNI OG TVINNA

Grófleiki nál	Efni	Tvinni
70 og 80	Punn efni, fínt léreft, lausofin fín efni, silki, fín gluggatjaldaefni, tricot, jersey, krep, polyester chiffon, organza og organdy	Fínn tvinni til alhliða nota.
80 og 90	Meðalþykk efni: bútasams baðmullarefni, satin, tvöfalt prjón, rayon, polyester, þunnt léreft	Notið polyester gervitvinna á gerviefni og alhliða baðmullartvinna á venjuleg efni.
90	Meðalþykk efni sem eru þétt ofin meðalþykkt léreft, frottéefni baðmullar/polyester blöndur	Sama og hér að ofan
100	Gróf efni, segldúk, gallabuxnaefni, flís og gróft prjón	Polyester eða alhliða tvinna

SKIPT UM NÁL

Athugið: Þegar skipta á um nál er e.t.v. gott að leggja pappír eða efni undir saumfótinn til að hylja gatið á stingplötunni. Það kemur í veg fyrir að nál fari ofan í gatið á stingplötunni.

1. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni. Ef hún er mjög föst getið þið notað skrufjárníð sem fylgir vélinni.
2. Fjarlægið nálina.
3. Ýtið nýrri nál eins langt upp í nálarhölduna og hún kemst og látið flata kantinn á nálinni snúa frá ykkur
4. Þegar ekki er hægt að ýta nálinni hærra, herðið þið festiskrúfuna fyrir nálina.

Bls. 15 TVINNASPENNAN

Til að stilla tvinnaspennuna fyrir yfirtvinnann snúið þið hjólinu ofan á vélinni, en það fer allt eftir því hvaða efni þið eruð að sauma, hvaða tvinna og hvaða nál þið eruð með.

Þegar tvinnaspennan er rétt stillt þá mætast undir og yfirtvinninn á milli efnanna (A).

Ef undirtvinninn er sýnilegur á réttunni, þá er yfirtvinnaspennan of stíf (B) og þá þurfið þið að stilla spennuna á lægra númer. Ef yfirtvinninn er sýnilegur á röngunni (C) þá er yfirtvinnaspennan of laus og þá þarf að stilla hana á hærra númer.

Þegar þið saumið skrautsauma og hnappagöt þá má yfirtvinninn sjást á röngunni.

Saumið alltaf profusaum á afgangsefni áður en þið byrjið að sauma efnið sjálft.

SAUMAÐ ÁN FLYTJARA Í SAMBANDI

Þegar þið festið tölur með saumavélinni, stoppið í göt eða saumið eitthvað þar sem efnið á ekki að hreyfast, þá takið þið flytjara vélarinnar úr sambandi

Takinn til að taka flytjarann úr sambandi er aftan á fríarmi vélarinnar.

1. Takið flytjarann úr sambandi með því að færa stillinn á táknið fyrir flytjarann úr sambandi (1).
2. Setjið hann afur í samband með því að færa stillinn á merkið fyrir flytjarann í sambandi (2).

Ath, Flytjarinn fer kannski ekki í samband um leið og þið færið stillinn til. Snúið handhjólinu einn eða tvo hringi og þá smellur hann á sinn stað,

ÞRÝSTINGUR Á SAUMFÓT

Réttur þrýstingur á saumfótinn er til að tryggja öruggan flutning á efninu sem þið eruð að sauma hverju sinni, Þegar vélin er afhent er þrýstingurinn stilltur á venjulegu stillinguna "2". Þið gætuð þurft að auka þrýstinginn fyrir þykk efni en minnka þrýstinginn fyrir þunn efni

Ath: Ef stillinum er snúið of langt rangsæslis gæti hann losnað af sínum stað. Ef það kemur fyrir skrúfið hann einfaldlega aftur á sinn stað með því að snúa honum réttisælis.

Bls. 16 SKIPT UM SAUMFÓT

Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu og togið saumfótinn að ykkur.

Látið pinnann aftan á nýja saumfætinum vera á móts við raufina á fóthöldunni og ýtið fætinum inn.

JADARSTÝRING SETT Á FÓTHÖLDUNA

Rennið jaðarstýringunni í gatið á fóthöldunni (A) eins og sýnt er á myndinni. Stillið síðan fjarlægðina sem þið viljið nota.

Ath. Slökkvið ávallt á vélinni þegar þið vinnið að einhverju nálægt nálarsvæðinu.

Bls. 17 UNNIÐ A VÉLINA

VELJIÐ SAUM

A Takki fyrir afturábak saum

C Stillir fyrir sporlengd

B Stillir fyrir sporbreidd (Vél ONYX 25)

D Stillir til að velja sauma

Þið veljið þann saum sem þið viljið nota með stillinum fyrir val á saumum. Hægt er að snúa stillinum í báðar áttir.

Til að sauma gráu saumana

Snúið stillinum þar til saumurinn er staðsettur og smellur á sinn stað beint fyrir neðan svarta punktinn á vélinni.

Stillið sporlengdina á þá lengd sem þið viljið nota. Hægt er að stilla hana frá 0,5 og upp í 4 mm.

Fyrir beina sauma er hægt að stilla (aðeins á ONYX 25) á 0 til að hafa nálina í miðjum fætinum eða á 6 til að hafa hana vinstra megin í fætinum.

Til að sauma S1 og S2 saumamynstrin

Snúið stillinum fyrir saumana þar til viðkomandi saumur smellur og er beint fyrir neðan punktinn á vélinni.

Snúið sporlengdarstillinum þannig að S1 eða S2 séu beint fyrir neðan punktinn fyrir ofan stillinn. Stillirinn þarf að vera stilltur á S1 merkið fyrir bláu saumana eða á S2 fyrir gráu saumana.

Stillið sporbreiddina (aðins á ONYX 25) á breiða stilingu (4-6), en þið getið einnig notað mjórri breidd ef svo hagar til.

“Stitch with Dial” er **Sporbreiddarstillir**

“Stitch Length Dial” er **Sporlengdarstillir**

Bls. 18 SPORLENGD OG SPORBREIDD

Stillir fyrir sporbreidd (aðeins á ONYX 25)

Hámarks breidd á zik zak sporum er 6 mm. en það er hægt að mjókka breiddina á öllum saumunum sem eru það breiðir. Breiddin eykst eftir því sem þið færið stillinn frá 0 og að 6.

Stillir fyrir sporlengd á meðan zik zak saumur er saumaður

Stillið stillinn á zik zak. Lengd eða þéttleiki á milli zik zak sporanna þéttist eftir því sem þið nálgast 0 á stillinum.. Lengd fyrir venuleg zik zak spor er ca á 3 eða jafnvel lægri tölu. Mjög þétt zik zak spor eru kölluð flatsaumur.

Sporlengd fyrir beina sauma

Fyrir beina sauma snúið þið stillinum fyrir sauma á beint spor. Snúið stillinum og sporlengdin styttest þeim mun nær núllinu sem þið farið. Og alveg eins lengjast þau eftir því sem stillirinn nálgast 4. Almennt sagt notið þið lengri spor á gróf efni og þegar þið saumið með grófari nálum og grófum tvinna. Notið að sama skapi styttri sporlengd þegar þið saumið fínna efni og þá með fínna nálum og fínna tvinna.

AFTURÁBAK SAUMUR

Notið afturábak saum í byrjun og enda saums til að ganga örugglega frá endunum þannig að þeir rakni ekki upp. Ýtið á takkann og haldið honum niðri í smátíma á meðan vélin saumar nokkur afturábak spor – sleppið honum og þá saumar vélin áfram. Í lok saums ýtið þið aftur á takkann til að sauma nokkur afturábak spor á ný.

Bls. 19 SAUMAÐ

SAUMAÐ

Við hliðina á hverjum saum eða saumataækni sem lýst er í þessum leiðbeiningum eru fletir þar sem sýndar eru ráðleggingar um stillingar á vélinni og saumfót sem mælt er með að nota. Sjá sýnishorn hér til hliðar.

A Saumur **B** Sporbreidd í mm. **C** Sporbreidd í mm. **D** Tvinnaspenna **E** Saumfótur

Ath: Notið yfirleitt sama tvinna sem yfir og undirtvinna. Við fína útsauma með útsaumstvinna er hægt að fá sérstakan undirtvinna sem er aðeins fínna.

BYRJAD AÐ SAUMA - BEINT SPOR

Stillið vélina fyrir beint spor skv. myndinni hér til hliðar.

Lyftið sumfætinum og setjið efnið undir hann og látið jaðarinn renna meðfram einni af stýrilínunum á stingplötunni. Á lokinu yfir spólunni er stýrilína sem er 6 mm. frá nálinni.

Leggið yfirtvinnann undir saumfótinn

Setjið nálina niður á þann stað sem þið viljið byrja að sauma. Setjið báða tvinnana aftur undan fætinum og setjið saumfótinn niður. Stígið á fótmótstöðuna. Stýrið efninu nú gætilega meðfram stýrilínunni og látið vélina alveg um að flytja efnið (A). Ef þið hafið ekki náð undir tvinnanum upp áður en þið byrjuðuð að sauma kemur hann sjálfkrafa upp þegar byrjað er.

Ýtið á takkann fyrir afturábak sauminn til að sauma nokkur afturábak spor til að festa tvinnaendana (B).

Bls. 20 BREYTT UM SAUMAÁTT

Til að breyta um saumaátt stöðvið þið vélina og snúið handhjólinu þannig að nálin sé ofan í efninu.

Lyftið saumfætinum og snúið efninu síðan um nálina til að breyta um áttina sem þið ætlið að sauma.

LOKIÐ VIÐ SAUM

Ýtið á og haldið við afturábaktakkann tvinnaendana til að sauma nokkur festispor fyrir tvinnann. Þetta tryggir að tvinninn raknar ekki upp í byrjun og lok saums.

Snúið handhjólinu fram á við til að setja nálina í efstu stöðu. Lyftið saumfætinum og fjarlægjið efnið og togið tvinnana aftur undan fætinum.

Togið endana upp á við og smeygið þeim í tvinnahnífinn við lokið á vélinni. Tvinnaendarnir verða þá nógu langir til að vélin afpræði ekki nálina þegar byrjað er að sauma á ný.

BEINT TEYGJANLEGT SPOR

Þessi saumur er sterkari en venjulega beina sporið því hvert spor er saumað þrisvar sinnum og verður mjög teygjanlegt. Þetta spor hentar vel á þykk efni og ekki síst á sauma sem mikið reynir á eins og t.d. skrefsauma á buxum. Hentar líka mjög vel fyrir teygjanleg efni og einnig fyrir stungusauma á þykkari efni.

Bls. 21 ÞRIGGJA ÞREPA ZIK ZAK

Þriggja þrepa zik zak hentar mjög vel til að kasta jaðra á efnum. Gætið þess að nálin stingi út fyrir jaðar efnisins þegar hún stingur niður hægra megin en inn á efnið þegar hún kemur niður vinstra megin. Hentar líka mjög vel til að sauma teygjur við efni.

HALLANDI OVERLOCKSPOR

Þetta spor saumar saman efnið og kastar jaðarinn um leið og hentar mjög vel fyrir teygjanleg efni. Þetta spor er teygjanlegra en venjulegt spor.

Staðsetjið efnið þannig undir saumfætinum að jaðar efnisins renni meðfram innri hægri brúninni á rauf saumfótarins. Þið getið einnig látið það renna meðfram ytri hægri brún saumfótarins og klippt síðan efnið frá saumnum sem stendur út undan honum.

Ráð: Þið getið einnig notað blindföldunarfótinn og saumað alveg nálægt jaðri efnisins.

Bls. 22 LOKAÐ OVERLOCKSPOR

Þetta lokaða overlockspor er tilvalið á meðal og þykk teygjanleg efni.

Notið þetta spor t.d. fyrir falda á teygjanlegum efnum (A) og fyrir beltasprota (B).

Brjótið faldinn inn á rönguna og saumið síðan á réttunni. Klippið umframefnið frá í lokin.

BLINDFÖLDUN

Blindföldunarsporið er notað til að sauma svo til ósýnilega falda á pils, buxnaskálmar og gárdínur. Um er að ræða tvær tegundir af blindfaldi: Annar er fyrir meðal og þykk ofin efni (1) en hinn er fyrir meðal og þykk teygjanleg efni (2).

- Brjótið efnið eins og sýnt er. Látið síðan faldbrúnina renna meðfram innri hægri “tánni” á blindföldunarfætinum (D)
- Setjið saumfótinn niður og stígið á fót mótstöðuna.
- Vinstri sveifla nálarinnar á rétt aðeins að grípa í faldbrúnina á efninu.
- Ef nauðsyn krefur þá þurfið þið að stilla sporbreiddina þannig að nálin bara rétt “grípi” í faldbrúnina en stingi ekki í gegn um hana.

“Woven fabric” - **Ofin efni** “Stretch fabric” – **Teygjanleg efni**

“Right side of fabric” – **Réttan á efni**

Ath: Blindfaldurinn hentar alls ekki fyrri þunn efni.

Bls. 23 ÍSTOPP OG BÆTUR

Gera við stór göt

Til að gera við stór göt er nauðynlegt að setja bætur af sama eða svipuðu efni á staðinn.

Þræðið bótina yfir gatið á réttunni.

Saumið eftir jaðri bótarinnar með zik zak eða þriggja þrepa zik zak sporum.

Klippið svo umfram efnið frá á röngunni.

“Set up for zik zak” – **Stílt fyrir zik zak**

“Set up for multi-step zik zak” – **Stílt fyrir þriggja þrepa zik zak**

Gert við rifur

Þegar um rifur er að ræða er gott að setja svipað efni undir rifuna á röngu efnisins því það styrkir staðinn sem gera á við. Þessi bútur þarf að vera örlítið stærri en skemmda svæðið.

Saumið yfir rifuna með nokkuð þéttum zik zak eða þriggja þrepa zik zak sporum.

Klippið svo umframefnið frá á röngunni.

Bls. 24 VENJULEG HNAPPAGÖT Á VÉL ONYX 15

Þýðingu sleppt þar sem við verðum eingöngu með vél ONYX 25

Bls. 25 HNAPPAGÖT Á VÉL ONYX 25

Auðvelt er að sauma hnappagöt á þessa vél - hnappagöt sem henta nákvæmlega fyrir tölustærðina sem þið ætlið að nota. Þið ættuð ávallt að styrkja efnið á þeim stað sem hnappagat verður saumað. – annaðhvort með styrkingu á milli efnislaga eða styrkingu undir efnið ef það er einfalt

1. Merkið fyrir byrjunarstaðnum á hnappagatinu (A) og stillið vélina fyrir hnappagat.
2. Á hnappagatafætinum C opnið þið töluhölduna með því að ýta henni afturábak (B) og setjið síðan tölu í hölduna. Ýtið töluhöldunni fram á við þar til hún heldur alveg við töluna (C). Talan ákvarðar nú lengd hnappagatsins sem sauma á.
3. Setjið hnappagatafótinn C á vélina.
4. Fullvissið ykkur um að tvinninn sé þræddur í gegn um gatið á fætinum og liggi síðan undir honum.
5. Staðsetjið efnið síðan þannig undir fætinum að merkingin sé á móts við gatið á fætinum (D).
6. Lækkið nú arminn (E) og ýtið honum um leið aftur á við.
7. Haldið við yfirtvinnann og byrjið að sauma. Hnappagatið er nú saumað framan frá og aftur á bak. Hættið að sauma þegar hnappagatið er fullsaumað. (F)
8. Þegar hnappagatið er fullsaumað lyftið þið saumfætinum og ýtið handfanginu fyrir hnappagöt alveg upp.
9. Til að full ganga frá heftingu hnappagatsins þræðið þið yfirtvinnann í handsaumanál og þræðið hann niður á rönguna þar sem þið hnýtið hann við undirtvinnann og klippið síðan á umframtvinnann.
10. Setjið tituprjóna þversum innan við heftingar hnappagatsins og notið síðan sprettihníf til að opna gatið. Tituprjónarnir eru eingöngu til að passa upp á að sprettihnífurinn skeri ekki

í heftingarnar. Þið getið einnig skorið hnappagatið upp eins og myndin sýnir frá báðum heftingunum í átt að miðju gatsins og gera það beggja megin frá (G).

Ath: Saumið ávallt prufuhnappagat á afgangss efni.

Bls. 26 RENNILÁSAR

Hægt er að setja rennilásafótinn á vélina þannig að nálin sé vinstra eða hægra megin.

Til að sauma hægri hliðina á rennilásnum setjið þið fótinn vinstra megin á hölduna (A).

Til að sauma vinstri hliðina á rennilásnum setjið þið fótinn hægra megin á hölduna (B).

“Set up for sewing zippers” – **Stillingar fyrir rennilásasaum**

Rennilásar í miðju

- Þræðið eða nælið efnin tvö saman réttu á móti réttu. Merkið fyrir lengd lássins á efnið.
- Þræðið rennilásinn (notið beint spor með sporlengd 4mm og tvinnaspennu á 2. Þræðið að enda merkingar fyrir lásinn C.
- Stillið vélina á beint spor (sjá töfluna að ofan), saumið nokkur spor afturábak en síðan áfram og notið áður valið saumfar.
- Strauið saumfarið til að hafa það opið. Setjið réttuna á rennilásnum við rönguna á efninu og festið með límbandi (D).
- Snúið efninu þannig að réttan snúi upp. Setjið rennilásafótinn á vélina og þannig að nálin sé vinstra megin (A).
- Saumið meðfram hægri hlið rennilássins og alla leið eftir lásnum. Munið að sauma nokkur heftispor í byrjun saums. Stöðvið í lokin með nálina niðri í efninu, lyftið saumfætinum og snúið efninu þannig að þið getið saumað þvert fyrir lásinn að neðan.
- Setjið rennilásafótinn nú þannig á vélina að nálin sé hægra megin (B). Saumið nú hina hliðina á lásnum eins og þið gerðuð áður (F).
- Fjarlægið límböndin á röngunni.
- Og fjarlægið að lokum þræðisporin sem héldu lásnum og efninu.

Bls. 27 VIÐHALD OG HREINSUN

VÉLIN HREINSUÐ AÐ UTANVERÐU

Hreinsið vélina oft til að hún vinni rétt og örugglega þegar þið þurfið á henni að halda. Það þarf ekki að smyrja þessa saumavél. Hreinsið vélina að utanverðu eingöngu með þurrum og mjúkum klút til að strjúka af henni ryk og önnur óhreinindi.

STINGPLATAN FJARLÆGÐ OG HREINSAD Í KRING UM SPÓLUNA

Slökkvið á vélinni og setjið nálina í efstu stöðu

Fjarlægið saumfótinn, takið lokið fyrir ofan spóluna af og takið spóluna úr vélinni

Fjarlægið skrufurnar úr stingplötunni og fjarlægið hana.

Hreinsið flytjaratennurnar og svæðið í kring um gríparann.

Setjið stingplötuna aftur á vélina og festið hana með skrufunum.

Setjið saumfótinn aftur á vélina, spóluna á sinn stað og lokið yfir henni.

HREINSAD UNDIR SPÓLUNNI

Slökkvið á vélinni og setjið nálina í efstu stöðu.

Hreinsið svæðið í kring um spólusvæðið eftir að hafa saumað nokkrar flíkur, eða þegar þið takið eftir því að ló hefur safnast fyrir í kring um svæðið.

Fjarlægið saumfótinn, lokið yfir spólunni og takið spóluna úr vélinni.

Fjarlægið skrufurnar úr stingplötunni og fjarlægið hana.

Hreinsið svæðið með burstanum og/eða hreinum klút.

ATH: Blásið aldrei lofti inn í svæðið því það getur bara blásið lónni innar í vélina þar sem hún getur orðið til skaða.

Bls. 29 GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

Yfirtvinninn sést á röngunni

Orsök: Tvinnalykkjur á röngunni benda oftast til þess að vélin sé ekki rétt þrædd og oftast er orsökina sú að tvinninn hefur ekki verið settur á milli skífanna í yfirtvinnaspennunni og kannski ekki þræddur í þráðgjafann.

Lausn: Þræðið vélina á ný og gætið að því að hafa saumfótinn í efri stöðu og setjið nálina líka í efstu stöðu. Gætið sérstaklega að því að tvinninn fari á milli skífanna í yfirtvinnaspennunni.

Spólutvinninn slitnar

Orsök: Spólan er ekki rétt þrædd.

Lausn: Athugið að spólan sé rétt sett í vélina.

Orsök: Of mikill tvinni er á spólunni, eða tvinninn ójafn á henni.

Lausn: Tvinninn hefur ekki verið settur á milli spenniskífanna fyrir spólunina.

Orsök: Óhreinindi eða ló í spóluhöldunni.

Lausn: Hreinsið svæðið

Orsök: Röng gerð af spólu

Lausn: Notið aðeins spólur af þeirri gerð sem fylgdu vélinni í upphafi.

Undirtvinninn sést á réttunni

Orsök: Yfirtvinnaspennan of stíf

Lausn: Losið aðeins á yfirtvinnaspennunni.

Orsök: Yfirtvinninn hefur flækst einhvers staðar á leiðinni frá tvinnakefli að nál.

Lausn: Yfirfarið þræðinguna á yfirtvinnanum.

Orsök: Spólutvinninn ekki í þræðingunni fyrir hann.

Lausn: Yfirfarið

Erfiðleikar með spólun

Orsök: Tvinninn of laus á spólunni

Lausn: Spólið aftur á spóluna og gætið sértaklega að því að tvinninn sé þræddur á milli spenniskífanna fyrir spólunina.

Orsök: Spólaranum ekki ýtt nógu langt til hægri þannig að hann vinnur ekki.

Lausn: Yfirfarið.

Orsök: Spólunin hroðvirknisleg – t.d. ekki hefur verið haldið í tvinnann í byrjun spólunar

Efnið rykkist

Orsök: Yfirtvinninn er of stífur.

Lausn: Stillið yfirtvinnaspennuna á lægra númer.

Orsök: Sporlengdin er of stutt

Lausn: Stillið á lengri sporlengd

Orsök: Röng tegund af nál fyrir efnið sem verið er að sauma.

Lausn Notið rétta tegund af nál og einnig nál í réttum grófleika.

Efnið dregst saman á milli sporanna

Orsök: Ekki hefur verið sett undirleggsefni undir efnið þegar verið er að sauma þétt zik zak spor og útsaumsmynstur.

Lausn: Setjið undirleggsefni undir efnið þegar verið er að sauma flatsauma og sérstaklega ef þið eruð að sauma á þunn efni.

Hávaði þegar saumað er

Orsök: Tvinninn er ekki þræddur í þráðgjafann

Lausn: Þræðið vélina á ný og gætið að því að nálin og þráðgjafinn séu í efstu stöðu þannig að tvinninn fari örugglega í þræðiraufina á þráðgjafanum. Snúið vélinni með handhjólinu til að setja þráðgjafann og nálina í efstu stöðu.

Vélin flytur ekki efnið

Orsök: Gleymst hefur að setja saumfótinn niður á efnið

Lausn: Lækkið saumfótinn og munið að aldrei toga í efnið með höndunum.

Orsök Sporlengdin er stillt á 0.

Lausn: Aukið sporlengdina.

Vélin saumar ekki

Orsök: Spólaranum hefur verið ýtt í spólun.

Lausn: Ýtið spólaranum til vinstri.

Orsök: Fótmótstaðan ekki tengd við vélina

Lausn: Tengid hana við vélina og aðgætið að rafmagnssnúran sé einnig tengd í vegg tengil

Nálarnar brotna

Orsök: Bogin eða skemmd nál í vélinni.

Lausn: Notið aldrei bognar eða skemmdar nálar.

Orsök: Rangur grófleika af nál miðað við efnið sem verið er að sauma.

Lausn: Notið ávallt réttan grófleika af nál miðað við efnið sem verið er að sauma.

Orsök: Vélin er ekki rétt þrædd.

Lausn: Yfirfarið þræðingu vélarinnar.

Þræðarinn virkar ekki

Orsök: Nálin er ekki á réttum stað..

Lausn: Nálin verður að vera í efstu stöðu. Snúið handhjólinu til að setja hana í efstu stöðu.

Orsök: Nálin ekki rétt sett í vélina.

Lausn: Yfirfarið.

Orsök: Nálin er bogin.

Lausn: Þræðarinn ræður bara við beinar nálar.

Orsök: Krókurinn á þræðaranum er skemmdur

Lausn: Látið verkstæðið skipta um þræðara.

Vélin hleypur yfir spor

Orsök: Nálin ekki sett rétt í nálarhölduna.

Lausn: Athugið að flati kantur nálarinnar verður að snúa frá ykkur og nálin verður að vera sett eins hátt og hún kemst í nálarhölduna.

Orsök: Röng nál fyrir efnið sem verið er að sauma.

Notið rétta tegund af nál og einnig réttan grófleika fyrir efnið sem verið er að sauma.

Orsök: Bogin eða skemmd nál í vélinni.

Lausn: Setjið nýja nál í vélina.

Sporin eru ójöfn

Orsök: Þið eruð að toga í eða ýta efninu undir fótinn.

Lausn: Látið vélin sjálfa um að færa efnið.

Orsök: Þið gætuð þurft að nota undirleggsefni undir efnið sem þið eruð að sauma.

Lausn: Setjið undirleggsefni undir efnið.

Orsök: Röng sporlengd:

Lausn: stillið á rétta sporlengd

Yfirtvinninn slitnar

Orsök: Vélin er ekki rétt þrædd.

Lausn: Yfirtarið þræðingna.

Orsök: Yfirtvinninn flækist í eitthvað á þræðileiðinni

Lausn: Yfirtarið þræðinguna.

Orsök: Yfirtvinnaspennan er of stíf

Lausn: Stillið á lægri tolu.

ÞJÓNUSTA

Látið þjónustudeild umboðsins yfirlara vélina reglulega. Ef þið hafið eitthvað sérstakt vandamál er alltaf góð regla að láta sýnishorn af vandamálinu fylgja með. Þegar vélin er send til viðgerðar. Slík prufa getur sagt miklu meira en mörg orð.

PFAFF HF
Grensásvegi 13
s: 414-0400
pfaff.is